Sviðsstjóri skipulagssviðs.

(2020014702

Útgáfud.: 8. júlí 2020

Auglýsing um skipulag - Þingeyjarsveit

Tillaga að breytingu á deiliskipulagi Arnstapa.

Sveitarstjórn Þingeyjarsveitar samþykkti þann 28. maí 2020 að auglýsa tillögu að breytingu á deiliskipulagi Arnstapa samkvæmt 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Deiliskipulagsbreytingin felur í sér að skipulagssvæðið er fært upp að girðingu sem afmarkar það svæði sem er í landbúnaðarnotkun og fjölgar lóðum um tvær, úr tíu í tólf og stækkar deiliskipulagssvæðið úr 10,9 ha í 12,1 ha.

Tillagan að breytingu mun liggja frammi á skrifstofu Þingeyjarsveitar, Kjarna, 650 Laugar, frá og með miðvikudeginum 8. júlí 2020 með athugasemdarfresti til og með miðvikudagsins 19. ágúst 2020. Þá eru upplýsingar einnig aðgengilegar á heimasíðu Þingeyjarsveitar: www.thingeyjarsveit.is/is/stjornsysla/skipulagsmal/skipulagsauglysingar sem og á skrifstofu Þingeyjarsveitar, Kjarna, Laugum.

Þeim sem telja sig eiga hagsmuna að gæta er gefinn kostur á að gera athugasemdir við tillögurnar. Frestur til að skila inn athugasemdum rennur út miðvikudaginn 19. ágúst 2020. Skila skal athugasemdum skriflega til skrifstofu Þingeyjarsveitar, Kjarna, 650 Laugum og/eða í tölvupósti á netfangið: gudjon@skutustadahreppur.is. Þeir sem ekki gera athugasemdir við tillögurnar innan tilskilins frests teljast þeim samþykktir.

Guðjón Vésteinsson

skipulagsfulltrúi Þingeyjarsveitar.

(2020014711

Útgáfud.: 10. júlí 2020

Auglýsing um skipulag - Hafnarfjörður

Breyting á deiliskipulagi Suðurhafnar - Háibakki og Fornubúðir 20.

Skipulags- og byggingarráð Hafnarfjarðar samþykkti á fundi sínum þann 16. júní 2020 að auglýsa tillögu að breyttu deiliskipulagi Suðurhafnar vegna breytinga við Háabakka og nýrrar lóðar að Fornubúðum 20 í samræmi við 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Bæjarstjórn Hafnarfjarðar staðfesti, þann 24. júní 2020, afgreiðslu skipulags- og

byggingarráðs á erindinu.

Deiliskipulagsbreytingin felur í sér breikkun Háabakka og mótun nýrrar lóðar, Fornubúða 20, þar sem gert er ráð fyrir byggingarreit fyrir þjónustuhús veitna við Háabakkann.

Breyting á deiliskipulagi Kaplakrika, reitur 3.2.3 - Gatnamót Flatahrauns, Skútahrauns, Kaplakrika.

Skipulags- og byggingarráð Hafnarfjarðar samþykkti á fundi sínum þann 30. júní 2020 að auglýsa tillögu að breytingu á deiliskipulagi Kaplakrika, reits 3.2.3, vegna gatnamóta Flatahrauns og Skútahrauns við Kaplakrika, skv. 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Bæjarráð Hafnarfjarðar í umboði bæjarstjórnar staðfesti afgreiðslu skipulags- og byggingarráðs á erindinu þann 2. júlí 2020.

Breytingin tekur til gatnamóta Skútahrauns og Flatahrauns auk innkeyrslu á íþróttasvæði FH í Kaplakrika. Breytingin er gerð sem hluti af endurskoðun á leiðakerfi Strætó innan Hafnarfjarðar og er ætlað að bæta umferðaröryggi og umferðarflæði með staðsetningu hringtorgs á gatnamótunum sem gerir strætisvögnum kleift að taka 180 gráðu snúningsbeygju.

Tillögurnar verða til sýnis í þjónustuveri Hafnarfjarðar Strandgötu 6 og hjá umhverfis- og skipulagssviði Norðurhelli 2, frá 10. júlí til 21. ágúst 2020. Einnig er hægt er að skoða deiliskipulagstillögurnar á www.hafnarfjordur.is undir íbúar/skipulag í kynningu.

Þeim sem telja sig hagsmuna eiga að gæta er gefinn kostur á að gera athugasemdir við breytingarnar og skal þeim skilað skriflega til umhverfis- og skipulagssviðs Hafnarfjarðarbæjar, eigi síðar en 21. ágúst 2020 á netfangið skipulag@hafnarfjordur.is eða á heimilisfangið: Hafnarfjarðarkaupstaður, b.t. umhverfis- og skipulagssviðs, Norðuhelli 2, 221 Hafnarfirði.

Umhverfis- og skipulagssvið Hafnarfjarðar.

(2020015002

Útgáfud.: 14. júlí 2020

Auglýsing um skipulag - Djúpvogshreppur

Samkvæmt 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 eru hér auglýstar eftirfarandi tillögur að deiliskipulagi:

Eyjólfssstaðir - ferðapjónusta.

Tillaga að deiliskipulagi fyrir ferðapjónustusvæðið á Eyjólfssstöðum (dags. 10. júní 2020). Deiliskipulagssvæðið er 2,3 ha og gerir tillagan ráð fyrir stækkun á núverandi tjaldsvæði (allt að 0,2 ha), byggingu aðstöðuhúss, gistiskála (allt að 125 m²) og yfirbyggðs skýlis (allt að 135 m²). Þá er gerð grein fyrir lóðum, byggingarreitum, bílastæðum og gönguleiðum.

Steinaborg.

Tillaga að deiliskipulagi fyrir Steinaborg (greinargerð dags. 9. júní 2020 / uppdráttur dags. 13. október 2018 m.s.br.). Deiliskipulagstillagan gerir ráð fyrir endurgerð gamla íbúðarhússins, byggingu íbúðarhúss og húsa fyrir gistipjónustu (allt að 350 m²), smáhýsi fyrir

matvælaframleiðslu og sölu á afurðum, hlöðu (allt að 100 m²), gróðurhúss (allt að 50 m²), vélageymslu (allt að 100 m²) og byggingu fyrir matvælaframleiðslu (allt að 100 m²). Afmarkaðir eru byggingarreitir fyrir fyrrgreind hús.

Ofangreindar skipulagstillögur liggja frammi á skrifstofu Djúpavogshrepps, Bakka 1, Djúpavogi og eru einnig aðgengilegar á heimasíðu Djúpavogshrepps: www.djupivogur.is, undir liðnum „Skipulagsmál/Mál í kynningu“.

Skipulagstillögurnar eru í auglýsingu frá 14. júlí til 26. ágúst 2020. Eru þeir sem telja sig eiga hagsmuna að gæta hvattir til að kynna sér tillögurnar. Ábendingum og athugasemdum skal skila skriflega til skipulagsfulltrúa Djúpavogshrepps, Bakka 1, 765 Djúpavogi eða á skipulag@djupivogur.is, eigi síðar en 26. ágúst 2020. Vinsamlegast gefið upp nafn, kennitölu og heimilisfang sendanda innsendra ábendinga og athugasemda. Hver sá sem ekki gerir athugasemdir við tillögurnar innan gefins frests telst vera þeim samþykktur.

Skipulagsfulltrúi Djúpavogshrepps.

(2020015117)

Útgáfud.: 14. júlí 2020

Auglýsing um skipulag - Mosfellsbær

Tillaga að deiliskipulagsbreytingu - Kiwanisreitur í Fossatungu.

Mosfellsbær auglýsir hér með tillögu að breytingu á deiliskipulagi, skv. 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Breytingin felur í sér að endalóðir á gildandi skipulagi, Fossatunga 30, 32 og 35 fái breytta lögun. Á þeim verður heimilt að byggja þrjú parhús í stað einbýla. Hið svokallaða Kiwanishús mun standa og núverandi lóð þess minnkuð, lóðum við götu fjölga því um eina. Fossatunga 28 og 33 breytast ekki. Hámarkshæðir húsa eru frá 5,5-6 metrar. Gildandi deiliskipulag var samþykkt 3. febrúar 2016.

Tillagan er auglýst í Fréttablaðinu og Lögbirtingablaðinu. Uppdráttur er til sýnis á vef sveitarfélagsins, www.mos.is/skipulagsauglýsingar en einnig er hann aðgengilegur á Upplýsinga- og þjónustutorgi Mosfellsbæjar, Þverholti 2.

Þeim sem telja sig eiga hagsmuna að gæta er gefinn kostur á að gera athugasemdir við breytingartillöguna. Athugasemdir og ábendingar skulu vera skriflegar og skal senda þær til skipulagsnefndar Mosfellsbæjar, Þverholti 2, 270 Mosfellsbæ eða í tölvupósti á skipulag@mos.is. Frestur til þess að gera athugasemdir við deiliskipulagstillöguna er frá 14. júlí til og með 27. ágúst 2020.

14. júlí 2020.

Kristinn Pálsson

skipulagsfulltrúi Mosfellsbæjar.

(2020015132)

Útgáfud.: 15. júlí 2020

Auglýsing um útgáfu framkvæmdaleyfis - Þingeyjarsveit

Hólasandslína 3 - Framkvæmdaleyfi.

Sveitarstjórn Þingeyjarsveitar hefur samþykkt veitingu framkvæmdaleyfis vegna Hólasandslínu 3, 220 kV háspennulínu innan Þingeyjarsveitar.

Framkvæmdaleyfið er gefið út á grundvelli mats á umhverfisáhrifum og framkvæmdin er í samræmi við aðalskipulag Þingeyjarsveitar 2010-2022, sbr. breytingu aðalskipulags sem samþykkt var af sveitarstjórn, dags. 28. maí 2020.

Matsskýrslu framkvæmdarinnar ásamt viðaukum, umsögnum sérfræðinga og álit Skipulagsstofnunnar um mat á umhverfisáhrifum frá 19. september 2020 er að finna á eftirfarandi vefslóð: <https://www.skipulag.is/umhverfismat-framkvæmda/gagnagrunnur-umhverfismats/alit-skipulagsstofnunar/nr/922#alit>.

Skilyrði Skipulagsstofnunar og Þingeyjarsveitar fyrir leyfisveitingu:

Í álit frá Skipulagsstofnun dags. 19. september 2020 koma fram þau skilyrði sem Skipulagsstofnun. Sveitarstjórn Þingeyjarsveitar tekur undir þau skilyrði sem þar koma fram og setur fram nauðsynlegar mótvægisáðgerðir í greinargerð meðfylgjandi framkvæmdaleyfinu.

Nánari upplýsingar um útgáfu framkvæmdaleyfis og forsendur þess er að finna á heimasíðu sveitarfélagsins.

Vakin er athygli á því að niðurstaða sveitarstjórnar er kæránleg til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála sbr. 4. gr. laga nr. 130/2011. Kærufrestur er einn mánuður frá birtingu auglýsingar.

Guðjón Vésteinsson skipulagsfulltrúi.

(2020015183)

Útgáfud.: 15. júlí 2020

Auglýsing um skipulag - Suðurnesjabær

Bæjarráð Suðurnesjabæjar samþykkti á fundi sínum 24. júní 2020 að auglýsa tillögu að breytingu á aðalskipulagi Sandgerðisbæjar 2008-2024 samkvæmt 1. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 ásamt umhverfisskýrslu skv. 7. gr. laga nr. 105/2006 um umhverfismat áætlana. Samhliða er auglýst tillaga að deiliskipulagi fyrir leikskóla norðan við Byggðaveg. skv. 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 auk óverulegrar breytinnar á deiliskipulagsmörkum Lækjamóta.

Tillaga að breytingu á aðalskipulagi - Svæði fyrir þjónustustofnanir við Byggðaveg.

Breytingin felst í að 1 ha. svæði norðan við Byggðaveg sem skilgreint er sem opið svæði verður skilgreint sem svæði undir þjónustustofnanir. Jafnframt er mörkuð ný stefna um staðsetningu leikskóla í Sandgerði þar sem fallið er frá fyrirhugaðri staðsetningu leikskóla við

Krókskotstún/Landakotstún og þess í stað verði nýr leikskóli staðsettur norðan við Byggðaveg (L3).

Tillaga að deiliskipulagi - Leikskóli við Byggðaveg og breyting á deiliskipulagsmörkum Lækjamóta.

Deiliskipulagssvæðið er um 1 ha. að stærð og staðsett norðan við Byggðaveg á svæði fyrir þjónustustofnanir, sbr. breytingu á aðalskipulagi Sandgerðisbæjar 2008-2024 sem auglýst er samhliða tillögu þessari. Tillagan gerir ráð fyrir nýjum leikskóla allt að 1.100 m² að stærð á 8.200 m² lóð.

Jafnframt eru gerðar óverulegar breytingar á deiliskipulagi íbúðasvæðis við Lækjamót sem felst í að mörk skipulagssvæðis eru færð suður fyrir Byggðaveg á kafla við gatnamót Lækjamóta.

Tillögurnar, ásamt greinargerð og umhverfisskýrslu verða til sýnis á bæjarskrifstofunni í Sandgerði, Vörðunni, Miðnestorgi 3, frá og með miðvikudeginum 15. júlí n.k. til mánudagsins 31. ágúst 2020 og hjá Skipulagsstofnun, Borgartúni 7b, Reykjavík. Tillögurnar er einnig til sýnis á heimasíðu sveitarfélagsins www.sudurnesjabaer.is.

Þeim sem telja sig eiga hagsmuna að gæta er hér með gefinn kostur á að gera athugasemdir við breytingartillöguna til mánudagsins 31. ágúst 2020.

Athugasemdir eða ábendingar skulu vera skriflegar og berast skipulagsfulltrúa með tölvupósti á jonben@sudurnesjabaer.is eða á bæjarskrifstofuna í Garði, b.t. skipulagsfulltrúa, Sunnubraut 4, 250 Garði.

Jón Ben. Einarsson skipulagsfulltrúi.

(2020015185

Útgáfud.: 15. júlí 2020

Auglýsing um útgáfu framkvæmdaleyfis - Skútustaðahreppur

Hólasandslína 3 - Framkvæmdaleyfi.

Sveitarstjórn Skútustaðahrepps hefur samþykkt veitingu framkvæmdaleyfis vegna Hólasandslínu 3, 220 kV háspennulínu.

Framkvæmdaleyfið er gefið út á grundvelli mats á umhverfisáhrifum og framkvæmdin er í samræmi við aðalskipulag Skútustaðahrepps 2011-2023 og deiliskipulag tengivirkis á Hólasandi.

Matsskýrslu framkvæmdarinnar ásamt viðaukum, umsögnum sérfræðinga og álit Skipulagsstofnunar um mat á umhverfisáhrifum frá 19. september 2020 er að finna á eftirfarandi vefslóð: <https://www.skipulag.is/umhverfismat-framkvæmda/gagnagrunnur-umhverfismats/alit-skipulagsstofnunar/nr/922#alit>.

Skilyrði Skipulagsstofnunar og Skútustaðahrepps fyrir leyfisveitingu:

Í áliti frá Skipulagsstofnun dags. 19. september 2020 koma fram þau skilyrði sem Skipulagsstofnun. Sveitarstjórn Skútustaðahrepps tekur undir þau skilyrði sem þar koma

fram og setur fram nauðsynlegar mótvægisáðgerðir í greinargerð meðfylgjandi framkvæmdaleyfinu.

Nánari upplýsingar um útgáfu framkvæmdaleyfis og forsendur þess er að finna á heimasíðu sveitarfélagsins.

Vakin er athygli á því að niðurstaða sveitarstjórnar er kæránleg til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála sbr. 4. gr. laga nr. 130/2011. Kærufrestur er einn mánuður frá birtingu auglýsingar.

Guðjón Vesteinsson skipulagsfulltrúi.

(2020015204

Útgáfud.: 17. júlí 2020

Auglýsing um skipulag - Reykjavíkurborg

Í samræmi við 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er hér með auglýst tillaga að nýju deiliskipulagi í Reykjavík.

Dunhagi, Hjarðarhagi og Tómasarhagi.

Á fundi skipulags- og samgönguráðs þann 1. júlí 2020 og borgarráðs Reykjavíkur þann 2. júlí 2020 var samþykkt að auglýsa tillögu að nýju deiliskipulagi fyrir svæði sem afmarkast af Dunhaga 18-20, Hjarðarhaga 27-33 og Tómasarhaga 32-46. Í tillögunni felst m.a. niðurrif og uppbygging á lóð nr. 18-20 við Dunhaga auk bílskúrsheimilda á þremur lóðum. Nánar um tillöguna vísast til kynningargagna.

Í samræmi við 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, eru hér með auglýstar tillögur að breytingu á deiliskipulagi í Reykjavík.

Nýr Landspítali við Hringbraut.

Á fundi skipulags- og samgönguráðs þann 1. júlí 2020 og borgarráðs Reykjavíkur þann 2. júlí 2020 var samþykkt að auglýsa tillögu að breytingu á deiliskipulagi Nýs Landspítala við Hringbraut. Í breytingunni felst breikkun á Burknagötu vegna tilkomu borgarlínu og færslu og breytingar á byggingarreitum sunnan götunnar sem nemur breikkuninni. Í tengslum við þessa færslu verða einnig afleiddar breytingar á staðsetningu byggingarreita randbyggðar. Nánar um tillöguna vísast til kynningargagna.

Hverfisgata 46.

Á fundi skipulags- og samgönguráðs þann 1. júlí 2020 og borgarráðs Reykjavíkur þann 2. júlí 2020 var samþykkt að auglýsa tillögu að breytingu á skilmálum deiliskipulags Brynjureits vegna lóðarinnar nr. 46 við Hverfisgötu. Í breytingunni felst að breytt er texta í 14. málsgrein í kaflanum "Sér ákvæði fyrir einstök hús" þannig að bætt er í textann að heimilt verður að vera með gistiaðstöðu á fyrstu hæð hússins við Hverfisgötu og atvinnustarfsemi og gistiaðstöðu á efri hæðum. Nánar um tillöguna vísast til kynningargagna.

Vogabyggð svæði 1.

Á fundi skipulags- og samgönguráðs þann 1. júlí 2020 og borgarráðs Reykjavíkur þann 2. júlí 2020 var samþykkt að auglýsa tillögu að breytingu á deiliskipulagi Vogabyggðar svæði 1 vegna lóðar nr. 1.6. Í breytingunni felst m.a. að

heimila aukið byggingarmagn og reisa íbúðir í þremur húshlutum ofan á bílgeymslu, fækka bílastæðum í götu, gera þemagarð á borgarlandi austast á svæðinu ásamt því að breyta lögun lóðar og götu. Nánar um tillöguna vísast til kynningargagna.

Línbergsreitir, Grandagarði.

Á fundi skipulags- og samgönguráðs þann 1. júlí 2020 og borgarráðs Reykjavíkur þann 2. júlí 2020 var samþykkt að auglýsa tillögu að breytingu á deiliskipulagi Örfiriseyjar - Vesturhafnar vegna lóðanna nr. 16-32 við Fiskislóð og nr. 39-93 við Grandagarð. Í breytingunni felst að skipta svæðinu upp í fimm lóðir, niðurrífi eldri bygginga og byggingu nýrra og hærri húsa eða 2-4 hæðir ásamt byggingu bílastæðahúss fyrir um 300 bíla. Nánar um tillöguna vísast til kynningargagna.

Sigtúnsreitir, veitulóð.

Á fundi skipulags- og samgönguráðs þann 1. júlí 2020 og borgarráðs Reykjavíkur þann 2. júlí 2020 var samþykkt að auglýsa tillögu að breytingu á deiliskipulagi Sigtúnsreitir vegna stofnunar nýrrar lóðar fyrir Veitur ohf. við Engjateig. Veitur og Reykjavíkurborg gera með sér makaskiptasamning á lóðum. Núverandi lóð Veitna ohf. að Lágmula 2 verður færð til Reykjavíkurborgar og fá Veitur þess í stað nýja lóð við Engjateig fyrir framtíðar borholuhús. Hin nýja lóð Veitna er jafn stór þeirri gömlu, 1874m². Einnig er skilgreint 6500m² helgunarsvæði fyrir bor, tæki og mannvirki sem tengjast því þegar borað er fyrir heitu vatni. Nánar um tillöguna vísast til kynningargagna.

Mýrargata 21 og 23.

Á fundi skipulags- og samgönguráðs þann 1. júlí 2020 og borgarráðs Reykjavíkur þann 2. júlí 2020 var samþykkt að auglýsa tillögu að breytingu á deiliskipulagi Nýlendureits, reits 1.131, vegna lóðarinnar nr. 21-23 við Mýrargötu. Í breytingunni felst að minnka umfang og hæðir kirkjunnar ásamt því að kirkjurnar eru lækkaðir. Turnunum fækkar úr 5 í 2, hámarkshæð hærri turns minnkar úr 22 metrum niður í 18 metra og minni turns úr 17. metrum niður í 15 metra og umfang kirkjunnar minnkar. Nánar um tillöguna vísast til kynningargagna.

Tillögurnar má einnig nálgast á skjá og tölvu í þjónustuveri Reykjavíkurborgar að Borgartúni 12-14, 1. hæð, virka daga kl. 8.20-16.15 frá 17. júlí 2020 til og með 31. ágúst 2020. Einnig má sjá tillögurnar á vefnum, www.reykjavik.is, skipulag í kynningu. Eru þeir sem telja sig eiga hagsmuna að gæta hvattir til að kynna sér tillögurnar. Abendingum og athugasemdum við tillögurnar skal skila skriflega til skipulagsfulltrúa eða á netfangið skipulag@reykjavik.is, eigi síðar en 31. ágúst 2020. Vinsamlegast notið uppgefið netfang fyrir innsendar athugasemdir með tölvupósti.

Reykjavík, 17. júlí 2020.

Skipulagsfulltrúi Reykjavíkur.

(2020015256

Útgáfud.: 6. júlí 2020

Hlutfélagaskrá – nýskráning

Félagið heitir: MT sport ehf.

Kt.: 560620-1870.

Heimili og varnarþing: Hjallahrauni 2, 220 Hafnarfjörður.

Dagsetning samþykktar er: 9. júní 2020.

Stofnendur: Barco ehf., kt. 601112-1080, Hjallahrauni 2, 220 Hafnarfjörður.

Stjórn félagsins skipa skv. fundi dags.: 9. júní 2020.

Stjórnarmaður: Hafdís Ósk Víðisdóttir, kt. 200767-3819, Holtaseli 39, 109 Reykjavík. Varastjórn: Brynjar Bjarnason, kt. 231265-5709, Holtaseli 39, 109 Reykjavík.

Firmað ritar: Ef einn í stjórn: Stjórnarmaður, ef stjórn er fjölskipuð: Meirihluti stjórnar.

Framkvæmdastjórn: Hafdís Ósk Víðisdóttir.

Prókúruumboð: Hafdís Ósk Víðisdóttir.

Skoðunarmaður/endurskoðandi: Magnús Waage, kt. 140758-3619, Ölduslóð 47, 220 Hafnarfjörður.

Hlutfé kr.: 500.000 ISK

Tilgangur: Tilgangur hönnun, smíði og sala á hugbúnaði tengd starfsemi fasteignarekstur og lánastarfsemi.

Hömlur á meðferð hlutabréfa: Já.

Lausnarskylda á hlutabréfum: Nei.

Ríkisskattstjóri, hlutfélagaskrá.

(2020014542

Útgáfud.: 7. júlí 2020

Hlutfélagaskrá – nýskráning

Félagið heitir: Tré lífsins-bálstofa og Minningagarðar ses.

Kt.: 640620-0800.

Heimili og varnarþing: Skólatúni 6, 225 Garðabær.

Dagsetning samþykktar er: 27. maí 2020.

Stofnendur: Sigríður Bylgja Sigurjónsdóttir, kt. 280787-2489, Bríetartúni 11, 105 Reykjavík.

Stjórn félagsins skipa skv. fundi dags.: 27. maí 2020.

Formaður stjórnar: Sigríður Bylgja Sigurjónsdóttir. Meðstjórnendur: Berglind Sigurjónsdóttir, kt. 051088-2639, Skólatúni 6, 225 Garðabær, Sigurjón Már Guðmannsson, kt. 121248-7869, Skólatúni 6, 225 Garðabær, Lilja Baldursdóttir, kt. 270561-2339, Skólatúni 6, 225 Garðabær. Varastjórn: Sigríður Baldursdóttir, kt. 250869-3639, Birkihlíð 2A, 221 Hafnarfjörður, Linda Baldursdóttir, kt. 120863-3129, Skólatúni 4, 225 Garðabær.

Firmað ritar: Meirihluti stjórnar.

Prókúruumboð: Sigríður Bylgja Sigurjónsdóttir.

Skoðunarmaður/endurskoðandi: KPMG ehf., kt. 590975-0449, Borgartúni 27, 105 Reykjavík.

Hlutfé kr.: -

Tilgangur: Tilgangur stofnunarinnar er tvíþættur: 1. Rekstur umhverfisvænnar bálstofu og athafnarymis fyrir hinstu kveðjustundir, kyrrðarrými sem opið er almenningi, útleigu á sal og framreiðslueldhúsi fyrir athafnir. 2. Rekstur minningagarða þar sem aska látinna einstaklinga er gróðursett ásamt tré. Sjá samþykktir.

Hömlur á meðferð hlutabréfa: Nei.

Lausnarskylda á hlutabréfum: Nei.

Ríkisskattstjóri, hlutafélagaskrá.

(2020014680

Útgáfud.: 15. júlí 2020

Auglýsing um veitingu starfsleyfis sem endurskoðunarfyrirtæki

Með vísan til 7. mgr. 4. gr. sbr. 8. mgr. 5. gr. laga nr. 94/2019, um endurskoðendur og endurskoðun, tilkynnist hér með að endurskoðendaráð veitti þann 20. maí 2020 KADE slf. kt. 600318-2840, Vínlandsleið 16, Reykjavík, starfsleyfi sem endurskoðunarfyrirtæki skv. lögum nr. 94/2019, um endurskoðendur og endurskoðun.

Endurskoðendaráð,
8. júlí 2020.

(2020015221

Útgáfud.: 6. júlí 2020

Stefna - til greiðslu skuldar

Aðilar málsins eru:

Stefnandi: Reykjavíkurborg, kt. 530269-7609, Borgartúni 12-14, Reykjavík.

Stefndi/-u: Elvar Þór Gilbertsson, kt. 101275-5669, Noregi.

Málflutningsumboð: Undirritaður lögmaður, Anna Svava Þórðardóttir lögmaður, rekur mál þetta f.h. stefnanda.

Dómkreftur: Þess er krafist að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda skuld að fjárhæð kr. 194.500, ásamt dráttarvöxtum samkvæmt ákvörðun Seðlabanka Íslands á hverjum tíma um grunn dráttarvaxta og vanefndaálags, sbr. 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu, af kr. 7.100 frá 3. október 2016 til 2. nóvember 2016, af kr. 16.370 frá 2. nóvember 2016 til 2. desember 2016, af kr. 25.640 frá 2. desember 2016 til 2. janúar 2017, af kr. 34.910 frá 2. janúar 2017 til 2. febrúar 2017, af kr. 44.180 frá 2. febrúar 2017 til 6. mars 2017, af kr. 53.450 frá 6. mars 2017 til 3. apríl 2017, af kr. 62.720 frá 3. apríl 2017 til 3. maí 2017, af kr. 71.990 frá 3. maí 2017 til 1. júní 2017, af kr. 81.260 frá 1. júní 2017 til 2. október 2017, af kr. 90.530 frá 2. október 2017 til 3. nóvember 2017, af kr. 99.800 frá 3. nóvember 2017 til 1. desember 2017, af kr. 109.070 frá 1. desember 2017 til 3. janúar 2018, af kr. 118.340 frá 3. janúar 2018 til 5. febrúar 2018, af kr. 127.860 frá 5. febrúar 2018 til 2. mars 2018, af kr. 137.380 frá 2. mars 2018 til 4. apríl 2018, af kr. 146.900 frá 4. apríl 2018 til 3. maí 2018, af kr. 156.420 frá 3. maí 2018 til 1. júní 2018, af kr. 165.940 frá 1. júní 2018 til 2. október 2018, af kr. 175.460 frá 2. október 2018 til 2. nóvember 2018, af kr. 184.980 frá 2. nóvember 2018 til 4. desember 2018, af kr. 194.500 frá 4. desember 2018 til greiðsludags.

Þá er krafist málskostnaðar samkvæmt mati dómsins, en málskostnaðarreikningur verður lagður fram við aðalflutning málsins ef til kemur.

Málsatvik og málsástæður: Krafa stefnanda er byggð á 21 reikningum:

Nr.	Útgáfudagur	Gjalddagi	Fjárhæð kr.
1	3. október 2016	3. október 2016	7.100
2	2. nóvember 2016	2. nóvember 2016	9.270
3	2. desember 2016	2. desember 2016	9.270
4	2. janúar 2017	2. janúar 2017	9.270
5	2. febrúar 2017	2. febrúar 2017	9.270
6	6. mars 2017	6. mars 2017	9.270
7	3. apríl 2017	3. apríl 2017	9.270
8	3. maí 2017	3. maí 2017	9.270
9	1. júní 2017	1. júní 2017	9.270
10	2. október 2017	2. október 2017	9.270
11	3. nóvember 2017	3. nóvember 2017	9.270
12	1. desember 2017	1. desember 2017	9.270
13	3. janúar 2018	3. janúar 2018	9.270
14	5. febrúar 2018	5. febrúar 2018	9.520
15	2. mars 2018	2. mars 2018	9.520
16	4. apríl 2018	4. apríl 2018	9.520
17	3. maí 2018	3. maí 2018	9.520
18	1. júní 2018	1. júní 2018	9.520
19	2. október 2018	2. október 2018	9.520
20	2. nóvember 2018	2. nóvember 2018	9.520
21.	4. desember 2018	4. desember 2018	9.520

Stefnandi er sveitarfélag sem veitir ýmis konar þjónustu í tengslum við starfsemi sína. Á vegum þess starfa margvísleg fyrirtæki, svið og stofnanir.

Stefnandi rekur m.a. mótuneyti í grunnskólum, en forráðamenn skrá börnin í mataráskrift og gildir sú skráning þar til henni er annað hvort sagt upp eða barnið lýkur skólagöngu. Krafa stefnanda byggir á kaupum stefnda á skólamáltíðum af stefnanda á tímabilinu júní 2016 til og með desember 2018, samkvæmt framlögðu yfirliti.

Stefnandi er Reykjavíkurborg en ofangreind þjónusta er rekin af og á ábyrgð stefnanda.

Skuld þessi hefur ekki fengist greidd þrátt fyrir innheimtutilraunir og er því nauðsynlegt að höfða mál til greiðslu hennar.

Áskilinn er réttur til frekari framlagningar gagna ef þurfa þykir.

Stefna þessi er birt í Lögbirtingablaði með vísan til a liðar 1. mgr. 89. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Samkvæmt upplýsingum þjóðskrár er lögheimilsfang stefnda óþekkt í Noregi. Stefnandi gerði tilraun til birtingar á heimilisfang stefnda sem hann fékk upplýsingar um hjá skattyfirvöldum í Noregi. Birting tókst ekki á því heimilisfangi en samkvæmt upplýsingum á birtingavottorði hefur stefndi ekki átt heimili þar í fleiri ár. Stefnandi hefur engar aðrar upplýsingar um heimilisfang stefnda eða hvar til hans verður náð og er því nauðsynlegt að birta stefnu þessa í Lögbirtingablaðinu.

Lagatilvísanir: Vísað er til meginreglu kröfurettarins um efndir fjárskuldbindinga, en regla þessi fær m.a. lagastoð í 45., 47. og 54 gr. laga nr. 50/2000 og lögum nr. 42/2000. Um gjalddaga kröfunnar er einkum vísað til meginreglu 49. gr. laga nr. 50/2000. Um birtingu stefnunnar er vísað til a. liðar 1. mgr. 89. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála.

Kröfur um dráttarvexti, þmt. vaxtavexti, styður stefnandi ákvörðun Seðlabanka Íslands á hverjum tíma um grunn dráttarvaxta og vanefndaálags, sbr. 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu, með síðari breytingum. Krafan um málskostnað styðst við 1. mgr. 130. gr. laga 91/1991 um meðferð einkamála. Varðandi varnarþing vísast til 36. gr. laga nr. 91/1991.

Skjöl og sönnunargögn: Við þingfestingu málsins mun stefnandi leggja fram eftirtalin skjöl til sönnunar kröfum sínum:
1. Reikningsyfirlit.

Áskorun og viðvörðun: Hér með er skorað á stefnda að greiða stefnukröfurnar nú þegar til umboðsmanns stefnanda eða koma ella fyrir dóm þegar málið verður þingfest í héraðsdómi, sem er Héraðsdómur Reykjavíkur, á dómþingi sem haldið verður að/í dómsal 102, dómhúsinu við Lækjartorg, Reykjavík, þann 3. september 2020, kl. 10.00 og svara þar til saka og leggja fram gögn. Verði ekki sótt þing af hálfu stefnda og/eða fyrirsvarsmanna stefnda við þingfestingu og fyrirtöku málsins geta þeir átt von á að stefnukröfurnar verði gerðar aðfaranháfar gagnvart stefnda með áritun eða dómi.

Stefnufrestur er 30 sólarhringar.

Reykjavík, 19. júní 2020.

F. h. stefnanda,

Anna Svava Þórðardóttir lögmaður.

(2020014535

Útgáfud.: 6. júlí 2020

Stefna - til ógildingar á skuldabréfi

Dómstjórinn í Reykjavík,

Símon Sigvaldason,

gjörir kunnugt : Mér hefur tjáð Eiríkur Gunnsteinsson hrl., Smáratorgi 3, Kópavogi, að hann þurfi f.h. Davíðs Þórs Ólafssonar, kt. 150463-7699, Sólbrekku 20, Húsavík, að höfða mál fyrir héraðsdómi Reykjavíkur til ógildingar á neðangreindu handhafaskuldabréfi.

Dómkröfur: Stefnandi kveðst gera þær dómkröfur að ógilt verði með dómi handhafaskuldabréf, sem útgefið var í Reykjavík hinn 15. júlí 2011. Bréfinu var þinglýst þann 27. júlí 2011 og fékk þá þinglýsingarnúmerið 425-F-000606/2011.

Málsástæður og önnur atvik: Veðskuldabréfið er að upphæð kr. 5.000.000,00.- upphaflega áhvílandi á 1. veðrétti í bifreiðinni LY-028, Toyota Landcruiser og var lántaki Marianne Rasmussen, kt. 011270-2029. Bréfið bar ekki vexti af skuldinni og var ekki bundið vísitölu. Stefnandi kveður frumrit framangreinds handhafaskuldabréfs hafa

glatast í bruna aðfaranótt 15. ágúst 2017 á Sólvöllum, 621, Dalvíkurbyggð. Kveður stefnandi því nauðsynlegt að fá dóm til ógildingar á bréfinu en hann kveðst hafa verið síðasti handhafi þess.

Lagarök: Stefnandi kveðst munu vísa til 120. og 121. gr. laga 91/1991 um meðferð einkamála.

Sönnunargögn: Við þingfestingu þessa máls kveðst stefnandi munu leggja fram:

Stefnu þessa.

Afrit af handhafaskuldabréfinu.

Eintak þess Lögbirtingablaðs sem stefnan birtist í.

Fyrirkall: Fyrir því stefnist hér með hverjum þeim, er kann að hafa framangreint veðskuldabréf undir höndum eða telur til réttar yfir því til að mæta á dómþingi héraðsdóms Reykjavíkur, sem háð verður í dómsal nr. 102 í dómhúsinu við Lækjartorg, Reykjavík, fimmtudaginn 10. september 2020 kl. 10.00, er mál þetta verður þingfest til þess þar og þá að sjá skjöl og skilríki í dóm lögð, hlýða á dómkröfur og sókn sakar, leggja fram gögn af sinni hálfu og sanna rétt sinn til bréfsins. Að öðrum kosti má búast við að bréfið verði ógilt með dómi í samræmi við kröfur stefnanda. Stefnufrestur ákveðst einn mánuður.

Reykjavík, 15. júní 2020.

Símon Sigvaldason.

(2020014587

Útgáfud.: 10. júlí 2020

Stefna - til lögskilnaðar

Magnús Davíð Norðdahl lögmaður,

Norðdahl & Valdimarsson,

Kringlunni 4-6, Reykjavík,

gjörir kunnugt: Að hann þurfi f.h. Bahiyeh Alinaghizadeh, kt. 150584-4509, Grenimel 23, Reykjavík, að höfða mál fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur á hendur Alireza Nikpanjeh, fd. 12.5.1982, Shahid cheraghi st., Niavaran st., Tehran, Íran.

Kröfugerð: Stefnandi krefst þess að sér verði með dómi veittur lögskilnaður frá stefnda. Til vara er þess krafist að stefnanda verði veittur skilnaður að borði og sæng frá stefnda.

Að auki er krafist málskostnaðar úr hendi stefnda, þ.m.t. virðisaukaskatts, að mati dómsins.

Málflutningsumboð: Magnús Davíð Norðdahl lögmaður, lögmannsstofunni Norðdahl & Valdimarsson, Kringlunni 4-6, Reykjavík, flytur mál þetta fyrir stefnanda.

Málsatvik: Málsatvik eru þau að stefnandi er fædd í Ahar í Aserbadsan en er uppalin í Teheran í Íran og hitti hún eiginmann sinn í gleðskap þar í landi. Fjölskylda stefnda er mjög íhaldssöm og trúrækin og fann stefnda því strax fyrir þrýstingi frá henni að þau skyldu ganga í hjónaband.

Málsaðilar gengu í hjónaband þann 13. maí 2014. Hjúskapurinn gekk vel til að byrja með en stefndi og

fjölskylda hans fóru fljótt að gagnrýna ýmislegt í fari stefnanda, m.a. að hún væri ekki nógu trúuð og að klæðaburður hennar samræmdist ekki íslömskum gildum. Stefnandi stundaði á þessum tíma háskólanám í Teheran en stefndi leyfði henni hvorki að klára námið né að vinna. Þá bannaði hann henni einnig að hitta vini sína.

Þrátt fyrir að stefndi kemur úr trúaðri fjölskyldu þá drekkur hann engu síður áfengi og reykir. Á þeim tíma þegar stefnandi bjó með stefnda stundaði hann samkomur í heimahúsum þar sem hann kynntist öðrum konum og var henni ótrúur. Dag einn þegar stefnandi var að ganga frá fötum stefnda fann hún poka af eiturfjóm. Fór hún með pokann til föður stefnda sem bar málið upp við stefnda. Í kjölfarið réðst stefndi á stefnanda, kastaði henni í jörðina, setti kodda á andlit hennar og settist á hana. Þá hótaði hann henni öllu illu ef hún færi á bak við hann aftur. Eftir þetta atvik þurfti stefnandi reglulega að þola líkamlegt og kynferðislegt ofbeldi af hálfu stefnda.

Dag einn þegar stefndi fór með bræðrum sínum í ferð til Kína fór stefnandi að hitta fyrrum skólafélaga sína, þar á meðal mann að nafni Farzad. Í kjölfarið urðu þau Farzad góðir vinir á ný. Nokkrum mánuðum síðar ræðst stefndi á stefnanda og eftir að hafa beitt hana grófu ofbeldi strunsar hann út af heimili þeirra. Sama kvöld hefur Farzad samband við stefnanda og ákveður að koma í heimsókn til hennar vegna þess að hann hafði verulegar áhyggjur af henni. Stefnandi kemur þá óvænt heim og umturnast af reiði þegar hann sér Farzad. Kastar hann stefnanda í gólfíð, sparkar í hana og hótar henni lífláti. Stekkur Farzad á milli þeirra og stefnandi hleypur út úr húsinu til vinafólks sem síðan kom henni fyrir hjá fjölskyldu þeirra í öðrum bæ.

Samkvæmt írönskum lögum er karlmaðurinn höfuð fjölskyldunnar og ber eigin konu hans skylda til að hlýða og vera undirgefin. Það felur m.a. í sér að konu er óheimilt að neita eiginmanni sínum um kynlíf eða fara út úr húsi án hans samþykkis. Ferðafrelsi kvenna í Íran er einnig verulega skert og þarf eiginmaður að undirrita sérstakt leyfisbréf þar sem hann veitir eigin konu sinni leyfi til að ferðast á eigin spýtur. Enda er Íran eitt fárra ríkja í heiminum sem hefur ekki fullgilt sáttmála sameinuðu þjóðanna um afnám allrar mismununar gagnvart konum. Til þess að fá leyfi til skilnaðar þurfa konur í Íran að sanna að þeim sé bráð hætta búin í hjónabandinu. Hins vegar líta yfirvöld í Íran á heimilisofbeldi sem einkamál sem utanaðkomandi aðilar eigi ekki að skipta sér af.

Vegna þessa taldi stefnandi sig ekki geta leitað til lögreglu yfirvalda í heimalandi sínu og hafði því ekki neinn annan kost en að flýja eiginmann sinn og land. Kom hún til Íslands árið 2017 og sótti um alþjóðlega vernd hér á landi þann 26. júlí 2017.

Málsástæður: Stefnandi byggir kröfu sína um lögskilnað á 37. gr. hjúskapalaga nr. 31/1993. Stefnandi hefur búið á Íslandi síðastliðin þrjú ár en stefndi í Íran. Stefnandi telur sig ekki geta verið í hjónabandi með stefnda lengur og telur sig því eiga rétt á skilnaði við hann. Stefnandi getur ekki haft samskipti við stefnda vegna hótana í garð hennar um líflát. Auk þess er henni ókunnugt um dvalarstað hans í Íran. Getur hún því ekki gengið frá málum þeirra utan dómsstóla. Af

þeim sökum telur hún sér nauðugan þann kost að stefna málinu fyrir dóm, sbr. 2. mgr. 41. gr. hjúskaparlaga.

Varakrafa stefnanda um skilnað að borði og sæng byggist á 34. gr. hjúskapalaga nr. 31/1993 og sömu málsástæðum, sjónarmiðum og lagarökum og aðalkrafa stefnanda.

Lagatilvísanir: Stefnandi byggir á meginreglum hjúskaparréttarins, sbr. hjúskaparlög nr. 31/1993, einkum ákvæðum 34. gr., 37. gr. og 2. mgr. 41. gr. laganna. Málið er höfðað á heimilisvarnarþingi stefnanda, sbr. 1. mgr. 115, gr. gr. hjúskapalaga nr. 31/1993. Þá er vísað til a-liðar 1. mgr. 89. gr. laga, nr. 91/1991, um meðferð einkamála varðandi heimild til birtingar stefnu í Lögbirtingablaði. Stefnanda er ekki kunnugt um núverandi dvalarstað stefnda í Íran en heimili þeirra var að Shahid cheraghi st., Niavaran st., Tehran, Íran. Stefnandi telur jafnframt að hún hafi réttmæta ástæðu til þess að óttast stefnda, eins og ákvörðun Útlendingastofnunar gefur til kynna. Af þeim sökum telur stefnandi að skilyrði a-liðar 1. mgr. 89. gr. laga, nr. 91/1991, séu uppfyllt. Samkvæmt framansögðu telur stefnandi að henni sé nauðugur sá kostur að birta stefnu þessa í Lögbirtingablaðinu. Krafa um málskostnað byggir á XXI. kafla laga nr. 91/1991. Krafa um virðisaukaskatt af málskostnaðarþóknun byggir á ákvæðum laga nr. 50/1988, en stefnandi þessa máls er ekki virðisaukaskattsskyld og henni því nauðsynlegt að fá skattinn dæmdan úr hendi stefnda.

Skjöl og sönnunargögn: Stefnu þessa; Umboð lögmanns, dags. 14. nóvember 2019; Ákvörðun Útlendingastofnunar frá 8. febrúar 2018.

Áskorun og viðvörðun: Fyrir því stefnist hér með stefnda, til þess að mæta á dómþing Héraðsdóms Reykjavíkur, sem háð verður í Dómhúsinu við Lækjartorg, í dómsal 102, þann 1. september 2020, kl. 10.00 er mál þetta verður þingfest, til þess þar og þá að sjá skjöl og skilríki í dóm, hlýða á dómkröfur og sókn sakar, svara þar til sakar og leggja fram gögn. Ef ekki verður mætt af hálfu stefnda við þingfestingu málsins mega þeir búast við að útivistardómur geti gengið í málinu í samræmi við kröfur stefnanda. Stefnufrestur er einn mánuður.

Reykjavík, 1. júlí 2020.

Magnús Davíð Norðdahl lögmaður.

(2020015004

Útgáfud.: 15. júlí 2020

Stefna - til greiðslu skuldar

Aðilar málsins eru:

Stefnandi: Kraftvélar ehf., kt. 631209-1730, Dalvegi 6-8, Kópavogi.

Fyrirsvarsmaður: Úlfar Steindórsson kt. 030756-2829, stjórnarformaður.

Stefndi: Pure and Nordic ehf., kt. 531213-1140, Desjakór 1, Kópavogi,

Fyrirsvarsmaður: Stefán H. Kristjánsson, kt. 240363-5699, Danmörku.

Málflutningsumboð: Pétur Már Jónsson hdl. rekur mál þetta f. h. stefnanda.

Dómkröfur: Þess er krafist að stefnda verði dæmt til að greiða stefnanda skuld að fjárhæð kr. 211.512, ásamt dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. vaxtalaga nr. 38/2001 sbr. III. kafla. af kr. 211.512 frá 22. júlí 2018 til greiðsludags. Þá er krafist málskostnaðar samkvæmt mati dómsins, en málskostnaðarreikningur verður lagður fram við aðalflutning málsins ef til kemur. Kröfunúmer 9117-008768.

Málsatvik og málsástæður: Stefndi sérhæfir sig í sölu á nýjum og notuðum tækjum s.s. atvinnubifreiðum, vinnuvélum, lyfturum og landbúnaðartækjum ásamt þjónustu og viðgerðum.

Stefndi keypti varahluti, efni og vinnu vegna bifreiðarinnar Ivego Pegaso fastanr. PR E88 sem stefndi sá um að framkvæma og var vinna innt af hendi frá 13. júlí 2018 til 19. júlí 2018, gefin var út reikningur vegna þessara viðskipta sjá dskj. nr. 3

Nr.	Útgáfudagur	Gjalddagi	Fjárhæð kr.
1	22.7.2018	22.7.2018	211.512

Samtals nema framangreindar fjárhæðir kr. 211.512 sem er stefnuþjárhæð í máli þessu auk dráttarvaxta og kostnaðar. Umsaminn gjalddagi í viðskiptum stefnda við stefnanda er sá dagur sem fram kemur hér að ofan og er stefnuþjárhæð og dráttarvextir miðaðir við það tímamark.

Skuld þessi hefur ekki fengist greidd þrátt fyrir innheimtutilraunir og er því nauðsynlegt að höfða mál til greiðslu hennar.

Lagarök: Vísað er til meginreglna samninga- og kröfuréttar um skuldbindingargildi samninga og efnir fjárskuldbindinga en reglur þessar fá stoð í lögum nr. 7/1936 um samningsgerð umboð og ógilda löggerninga og lögum nr. 50/2000 um lausafjárkaup. Kröfu um dráttarvexti, þ.m.t. vaxtavexti, styður stefndi við reglur III. kafla vaxtalaga nr. 38/2001 með síðari breytingum, sbr. 6. gr. og 12. gr. laganna. Málskostnaðarkrafa stefnanda er bótakrafa hans og í samræmi við XXI. kafla laga nr. 91/1991 og 1. mgr. 130. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Varðandi varnarþing vísað til 33. gr. laga nr. 91/1991.

Skjöl og sönnunargögn: Við þingfestingu málsins mun stefndi leggja fram stefnu þessa og skrá yfir framlögð skjöl.

Áskilnaður: Stefndi áskilur sér rétt til frekari gagnaöflunar og framlagningar sem og til að koma að frekari málsástæðum og atvikum á síðari stigum, allt eftir því sem varnir stefnda gefa tilefni til. Ennfremur áskilur stefndi sér rétt til að leiða fyrir dóm aðila og önnur vitni.

Áskorun og viðvörðun: Fyrir því stefnist hér með ofangreindum til að mæta er mál þetta verður þingfest í héraðsdómi, sem er Héraðsdómur Reykjaness, á dómþingi sem haldið verður í dómsal 1, Fjarðargötu 9, Hafnarfirði, þann 9. september 2020, kl. 9.00, til þess þar og þá, ef ekki verður sátt í málinu, að sjá skjöl og skilríki í rétt lögð, hlýða á dómkröfur og sókn sakar, svara til sakar og dóm að þola í ofangreinda átt. Að öðrum kosti má búast við að

útivistardómur gangi.
Stefnufrestur er 1 mánuður.
Útivist kann að valda dómtöku málsins.

Reykjavík, 9. júlí 2020.
F. h. KOLLEKTA ehf.
Pétur Már Jónsson hdl.

(2020015184

Útgáfud.: 16. júlí 2020

Stefna - til ógildingar á veðskuldabréfi

Ragnheiður Thorlacius héraðsdómari

gerir kunnugt: Mér hefur tjáð Ólafur Eyjólfsson, kt. 300533-2489, Kirkjuvegi 18, Selfossi, að hann þurfi að höfða mál fyrir Héraðsdómi Suðurlands til ógildingar á veðskuldabréfi.

Málflutningsumboð: Óskar Sigurðsson, lögmaður, LEX lögmannsþjónusta, Austurvegi 6, Selfossi flytur málið fyrir hönd stefnanda.

Dómkröfur: Stefndi kveðst gera þær dómkröfur að ógilt verði með dómi eftirtalið veðskuldabréf:

Veðskuldabréf upphaflega að fjárhæð kr. 375.000, útgefið á Selfossi 23. október 2000 af Ólafi Eyjólfssyni, kt. 300533-2489. Veðskuldabréfið er tryggt með 1. veðrétti í fasteigninni að Kirkjuvegi 18, Selfossi, fasteignanúmer F2186509, skjal nr. 433-A-003500/2000.

Málavextir og málsástæður: Veðskuldabréf það sem mál þetta snýst um kveður stefndi vera gefið út á Selfossi þann 23. október 2000. Veðskuldabréfið var upphaflega að fjárhæð kr. 375.000 og tryggt með 1. veðrétti í fasteigninni að Kirkjuvegi 18, Selfossi, fasteignanúmer F2186509. Stefndi kveður skuldabréfið löngu uppgreitt en frumrit veðskuldabréfsins sé glatað og finnst ekki þrátt fyrir mikla eftirgrenslna. Sökum þess hafi ekki reynst unnt að aflétta veðböndum af greindri fasteign eins og til stendur af hálfu stefnanda. Stefndi sé því nauðsynlegt að fá ógildingardóm fyrir bréfinu, til þess að hann geti aflétt veðböndunum eins og hann eigi nú rétt til.

Lagarök: Stefndi kveður mál þetta höfðað með heimild í XVIII. kafla laga um meðferð einkamála nr. 91/1991.

Sönnunargögn: Við þingfestingu málsins verði lögð fram eftirtalin gögn:

1. Stefna þessi.
2. Skrá yfir framlögð skjöl.
3. Beiðni um útgáfu ógildingarstefnu.
4. Augýsing birt í Lögbirtingarblaði.
5. Afrit veðskuldabréfs, útgefið 23. október 2000.
6. Veðbandayfirlit Kirkjuvegur 18, Selfoss.

Fyrirkall: Fyrir því stefnist hér með hverjum þeim, sem kynni að hafa framangreint veðskuldabréf eða telur til réttar yfir því, til þess að mæta á dómþingi Héraðsdóms Suðurlands, sem háð verður að Austurvegi 4, Selfossi,

miðvikudaginn 2. september 2020, kl. 14.00, er mál þetta verður þingfest, til þess þar og þá að sanna rétt sinn til veðskuldabréfsins, þar sem ella má búast við því að það verði ógilt með dómi.

Stefnufrestur er einn mánuður.

Selfossi, 23. júní 2020.

Ragnheiður Thorlacius héraðsdómari.

(2020015239

Útgáfud.: 8. júlí 2020

Svipting fjárræðis

Með úrskurði Héraðsdóms Reykjavíkur, upp kveðnum 26. júní 2020 í máli nr. L-3981/2020 var Áslaug Eik Ólafsdóttir, kt. 130694-2259, svipt fjárræði tímabundið frá uppkvaðningu úrskurðar að telja til 17. desember 2020.

Héraðsdómi Reykjavíkur, 7. júlí 2020.

Lárentsínus Kristjánsson héraðsdómari.

(2020014710

Útgáfud.: 14. júlí 2020

Svipting fjárræðis

Með úrskurði Héraðsdóms Reykjavíkur, uppkveðnum 8. júlí 2020 í máli L-4354/2020, var Bragi Steinn Björnsson, kt. 070791/2509, sviptur fjárræði tímabundið í þrjú ár frá uppkvaðningu úrskurðar að telja.

Héraðsdómi Reykjavíkur, 8. júlí 2020.

Daði Kristjánsson héraðsdómari.

(2020015125

Útgáfud.: 14. júlí 2020

Svipting fjárræðis

Með úrskurði Héraðsdóms Reykjavíkur, uppkveðnum 10. júlí 2020 í máli L-4394/2020, var Gabríel Víðir Kárasen kt. 130502-2530, sviptur fjárræði tímabundið í sex mánuði frá uppkvaðningu úrskurðar að telja.

Héraðsdómi Reykjavíkur, 10. júlí 2020.

Daði Kristjánsson héraðsdómari.

(2020015128

Útgáfud.: 14. júlí 2020

Svipting fjárræðis

Með úrskurði Héraðsdóms Reykjavíkur, upp kveðnum 13. júlí 2020 í máli L-3858/2020, var Anna Karlsdóttir, kt. 111047-4059, svipt fjárræði tímabundið í 10 ár.

Héraðsdómi Reykjavíkur, 13. júlí 2020.

Kjartan Bjarni Björgvinsson héraðsdómari.

(2020015133

Útgáfud.: 16. júlí 2020

Svipting fjárræðis

Með úrskurði Héraðsdóms Reykjaness uppkveðnum 15. júlí 2020 í máli L-1762/2020 var Elínborg Steinunnardóttir, kt. 110473-4949, svipt fjárræði í tvö ár frá uppkvaðningu úrskurðarins að telja.

Hafnarfirði, 15. júlí 2020.

Jónas Jóhannsson.

(2020015243

Útgáfud.: 17. júlí 2020

Svipting fjárræðis

Með úrskurði Héraðsdóms Reykjavíkur, uppkveðnum 16. júlí 2020 í máli L-4428/2020, var Vilhelm Úlfar Vilhelmsson, kt. 041266-5549, sviptur fjárræði tímabundið í tvö ár.

Héraðsdómi Reykjavíkur, 16. júlí 2020.

Barbara Björnsdóttir héraðsdómari.

(2020015288

Útgáfud.: 6. júlí 2020

Auglýsing frá Orkustofnun

Auglýsing vegna umsóknar Reykjaorku ehf. um leyfi til jarðvarmavirkjunar á Efri-Reykjum í Bláskógabyggð, allt að 2000 kW.

Vegna fyrirhugaðrar virkjunar á Efri-Reykjum, þar sem nýting jarðvarma hefur þegar farið fram um árábil, hefur Reykjaorka ehf., kt. 601216-0270, Borgartúni 27, Reykjavík, óskað virkjunarleyfis með uppsettu afli allt að 2000 kW. Sótt var um leyfið með umsókn til Orkustofnunar ásamt fylgigögnum, dags. 6. mars 2020, í samræmi við 1. mgr. 4. gr. Raforkulaga, nr. 65/2003.

Um er að ræða virkjun þar sem ætlunin er að nýta jarðvarma úr borholu til framleiðslu raforku áður en varminn er nýttur til hitaveitu en hún hefur verið starfrækt um árábil og til hennar nýtt umrætt vatn. Ætlunin er því að nýta auðlindina betur með því að virkja umframvarmann til áðurnefndrar raforkuframleiðslu. Virkjunin samanstendur af 150 kW framleiðslueiningum sem verður komið fyrir í 250 m² stálgrindarhúsi.

Í samræmi við 4. mgr. 34. gr. raforkulaga er þeim aðilum er málið varðar gefið færi á að kynna sér umsóknina og koma á framfæri sjónarmiðum sínum innan fjögurra vikna frá birtingu auglýsingar þessarar. Skriflegum athugasemdum má koma á framfæri við Orkustofnun, Grensásvegi 9, 108

Reykjavík. Um frekari upplýsingar vísast til framkvæmdaraðila.

Reykjavík, 3. júlí 2020.
Orkustofnun.

(2020014588

Útgáfud.: 9. júlí 2020

Heimild veitt til fjárhagslegrar endurskipulagningar

Með úrskurði Héraðsdóms Reykjavíkur 8. júlí 2020 var Hótel Sögu ehf., kt. 461015-0340, Hagatorgi, Reykjavík, veitt heimild til fjárhagslegrar endurskipulagningar samkvæmt lögum nr. 57/2020. Með framangreindum úrskurði er heimildin veitt til miðvikudagsins 7. október 2020 kl. 10.20 en þá verður málefnið tekið fyrir á ný í dómssal 102, Dómhúsinu við Lækjartorg, Reykjavík. Aðstoðarmaður skuldara við fjárhagslega endurskipulagningu er Sigurður Kári Kristjánsson lögmaður.

Arna Sigurjónsdóttir,
aðstoðarmaður dómara við Héraðsdóm Reykjavíkur.

(2020014712

Útgáfud.: 9. júlí 2020

Heimild veitt til fjárhagslegrar endurskipulagningar

Með úrskurði Héraðsdóms Reykjavíkur 8. júlí 2020 var Bændahöllinni ehf., kt. 650893-2989, Hagatorgi, Reykjavík, veitt heimild til fjárhagslegrar endurskipulagningar samkvæmt lögum nr. 57/2020. Með framangreindum úrskurði er heimildin veitt til miðvikudagsins 7. október 2020 kl. 10.10 en þá verður málefnið tekið fyrir á ný í dómssal 102, Dómhúsinu við Lækjartorg, Reykjavík. Aðstoðarmaður skuldara við fjárhagslega endurskipulagningu er Sigurður Kári Kristjánsson lögmaður.

Arna Sigurjónsdóttir,
aðstoðarmaður dómara við Héraðsdóm Reykjavíkur.

(2020014713

Útgáfud.: 9. júlí 2020

Heimild veitt til fjárhagslegrar endurskipulagningar

Með úrskurði Héraðsdóms Reykjavíkur 8. júlí 2020 var Hostel LV 105 ehf., kt. 510612-0780, Laugavegi 105, Reykjavík, veitt heimild til fjárhagslegrar endurskipulagningar samkvæmt lögum nr. 57/2020. Með framangreindum úrskurði er heimildin veitt til miðvikudagsins 7. október 2020 kl. 10.30 en þá verður málefnið tekið fyrir á ný í dómssal 102, Dómhúsinu við Lækjartorg, Reykjavík. Aðstoðarmaður skuldara við

fjárhagslega endurskipulagningu er Friðleifur Egill Guðmundsson lögmaður.

Arna Sigurjónsdóttir,
aðstoðarmaður dómara við Héraðsdóm Reykjavíkur.

(2020014714

Útgáfud.: 10. júlí 2020

Sérstakur rekstrarstuðningur til einkarekinna fjölmiðla

Auglýst er eftir umsóknum einkarekinna fjölmiðla um sérstakan rekstrarstuðning sem veittur verður á árinu 2020. Umsóknir skulu sendar fjölmiðlanefnd fyrir 7. ágúst 2020.

Í 9. gr. laga nr. 37/2020 er mennta- og menningarmálaráðherra veitt heimild til að veita sérstakan rekstrarstuðning til einkarekinna fjölmiðla. Í greininni eru tilgreind nokkur skilyrði fyrir rekstrarstuðningi og einnig getið sérstakra atriða sem þurfa að koma fram í umsókn. Þá segir í 2. mgr.: „Við ákvörðun um fjárhæð sérstaks rekstrarstuðnings skal m.a. litið til launa, fjölda starfsmanna og verktakagreiðslna vegna miðlunar á fréttum og fréttatengdu efni á ritstjórnnum árið 2019, útgáfutíðni og fjölbreytileika fjölmiðla. Endanlegt hlutfall ræðst af fjölda umsókna og skal setja hámark á stuðning til einstakra fjölmiðla. Úthlutun sérstaks rekstrarstuðnings til einkarekinna fjölmiðla skal fara fram eigi síðar en 1. september 2020.“

Samkvæmt ákvæðum fyrrgreindrar 9. gr. laga nr. 37/2020 hefur mennta- og menningarmálaráðherra sett reglugerð nr. 670/2020 um fyrirkomulag sérstaks rekstrarstuðnings til einkarekinna fjölmiðla. Til úthlutunar verða 400 millj.kr.

Í reglugerðinni eru tilgreind skilyrði fyrir stuðningi og er umsækjendum bent á að kynna sér þau. Einnig hvaða kröfur eru gerðar um gögn sem eiga að fylgja umsókn.

Einnig geta þeir sem starfrækja staðbundna fjölmiðla utan höfuðborgarsvæðisins sótt um styrk úr byggðaaætlun. Til ráðstöfunar úr byggðaaætlun eru 5 millj.kr. og ræðst styrkfjárhæð til hvers umsækjanda af fjölda gildra umsókna.

Umsóknargögn og leiðbeiningar eru á vefsíðu fjölmiðlanefndar, www.fjolmidlanefnd.is. Þar eru tvö skjöl sem umsækjendur sækja og fylla út. Mikilvægt er að öll fylgiskjöl fylgi með umsókn.

Umsóknir skulu berast á netfang fjölmiðlanefndar, postur@fjolmidlanefnd.is, fyrir miðnætti 7. ágúst nk. Ef spurningar vakna um hvernig eigi að fylla umsóknina út er hægt að senda fyrirspurn á framangreint netfang.

Fjölmiðlanefnd,
10. júlí 2020.

(2020015033

Lögbirtingablað,
46. tölublað 2020.

Útgefandi og ábyrgðarmaður, sýslumaðurinn á Suðurlandi,

Kristín Þórðardóttir.